



21. stjórnarfundur Ungmennafélags Íslands
haldinn 11. október 2019 á Laugarbakka í Miðfirði.

Mætt eru: Haukur Valtýsson (HV), Örn Guðnason (ÖG), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Gunnar Þór Gestsson (GP), Gunnar Gunnarsson (GG), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ) og Lárus B. Lárusson (LBL) og Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ

Forföll boðuðu: Hrönn Jónsdóttir (HrJ), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI) og Helga Jóhannesdóttir (HeJ).

1. Fundur settur kl. 15:04
2. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra. Farið yfir starfsemi frá síðasta stjórnarfundum.
 - a. Vinna starfsfólks að undanförunu hefur farið í undirbúning sambandsþings.
 - b. Í samræmi við samþykktir, fór framkvæmdastjóri og nokkrir stjórnarmenn í heimsókn til allra sambandsaðila til að kynna tillögur varðandi aðildarumsóknir íþróttabandalaga að UMFÍ.
3. 51. Sambandsþing UMFÍ.
 - a. Lagt til að þingforsetar verði Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri Húnavatnshrepps og Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi Vestra. Einnig lagt til að ritarar verði HrJ, SÓJ og ÖG. Á þinginu munu starfa fjárhagsnefnd, allsherjarnefnd og aðildar- og laganefnd.
 - b. Samþykkt að veita þrenn hvatningarverðlaun. Til UMSK fyrir reiðskóla Hestamannafélagsins Harðar fyrir fatlaða og fólk með þroskahömlun, til USAH fyrir frumkvöðlastarf og verkefni fyrir eldri borgara og til HSH fyrir að stuðla að auknu samstarfi á meðal aðildarfélaga og fyrir að ná vel til barna af erlendum uppruna.
4. Landsmót UMFÍ 50+ 2021
 - a. Ákveðið að mótið verði haldið í Stykkishólmi í umsjón HSH.
5. Önnur mál.
 - a. Bréf frá framkvæmdanefnd ULM á Selfossi 2020. – Stjórn tekur jákvætt í erindið og vísar því til næstu stjórnar.
 - b. Bréf frá Hirti Þórarinssyni. – Stjórn telur sig ekki geta orðið við erindinu, framkvæmdastjóra falið að svara bréfitara, í samráði við nefnd eldri ungmennafélaga.
 - c. ÖG þakkaði stjórn fyrir samstarfið undanfarin ár, þar sem þetta er síðasti stjórnarfundurinn hans.

SÓJ ritaði fundargerð.
Fundi slitið kl. 16:39